



917. fundur stjórnar GSÍ 22.10.2019 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Kristín Guðmundsdóttir, Eggert Á. Sverrisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Hulda Bjarnadóttir, Jón B. Stefánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Hörður Geirsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 916. fundar var samþykkt og undirrituð.

2. Stefnumótun GSÍ 2020-27

Haukur Örn gerði grein fyrir samantekt þeirra stefnumótunarfunda sem haldnir hafa verið til þessa og þakkaði fundarmönnum fyrir að gefa sér tíma til að heimsækja klúbbana. Haukur Örn fór einnig yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á kynningunni, aðallega textanum í tengslum við “annað mótahald”. Haukur Örn upplýsti fundinn að viðbrögð höfðu borist frá eftirfarandi golfklúbbum, í tilefni af bréfi GSÍ til allra golfklúbba sem fundað hefur verið með: GK, GKG, GO og GM.

Nú stýttist í að fundarröð með golfklúbbum landsins ljúki og endanleg stefna verði lögð fram sem þingskjal. Boðaðir verða fundir í næstu viku með golfklúbbum á Suðurnesjum og á Suðurlandi. Að þeim fundum loknum mun stjórn ljúka frágangi stefnunnar og senda á alla golfklúbba ásamt öðrum þinggögnum.

3. World Handicap System samningur

Haukur Örn upplýsti stjórnarmenn um að nú hafi verið undirritaður samningur á milli EGA og WHS um notkun hins nýja forgjafarkerfis frá og með næstu áramótum. Af því tilefni hefur EGA sent samning á GSÍ, þess efnis að EGA munu heimila golfsambandinu notkun hins nýja forgjafarkerfis og staðfesting golfsambandsins á því að WHS verði tekið í notkun frá og með árinu 2020. Hauki Erni var falið að undirrita samninginn fyrir hönd GSÍ. Til stendur að innleiða kerfið í byrjun árs 2020 og en í framhaldinu verður kerfið þýtt yfir á íslensku.

4. Íslandsmótið í golfi 2020

Stjórnarfolk ræddi áhyggjur sínar af stöðu golfklúbbs Mosfellsbæjar með tilliti til þess að klúbburinn verði tilbúinn til þess að halda Íslandsmótið í golfi árið 2020. Fjallað var m.a. um skýrslu undanfaranefndar GSÍ, sem gerði fyrstu úttekt á vellinum þann 30. september sl., en Hörður Geirsson gerði munnlega grein fyrir helstu niðurstöðum



nefndarinnar. Eftir miklar umræður var samþykkt einróma að senda klúbbum bréf þar sem þessar áhyggjur yrðu ítrekaðar og að klúbbum yrði veittur frestur til 1. nóvember næstkomandi til þess að uppfylla tiltekin skilyrði sem sambandið setti fram. Ef klúbburinn myndi ekki uppfylla skilyrðin með ásættanlegum hætti, að mati stjórnar GSÍ, yrði golfsambandinu nauðugur sá kostur að fela öðrum golfklúbbi framkvæmd Íslandsmótsins árið 2020.

5. Fyrirhugaðar lagabreytingar

Á þessum tímapunkti vék Haukur Örn af fundi, en hann þurfti að afsaka sig vegna persónulegra aðstæðna.

Eggert Á. Sverrisson fór yfir hugsanlegar lagabreytingar sem ræddar höfðu verið, bæði í tengslum við nýja stefnu sambandsins og sjálfstæðar lagabreytingar. Að loknum umræðum samþykkti stjórn að senda þær áfram til laganefndar GSÍ sem mun fjalla um þær og bera undir stjórn til samþykktar. Að svo búnu verða tillögurnar sendar út til aðildarfélaga fyrir Golfþing 2019 sem þingskjöl.

6. Dagskrá Golfþings 2019

Ræddar voru framkomnar hugmyndir að dagskrá Golfþings 2019 og var framkvæmdastjóra falið að setja niður fyrstu drög, sem síðan verða borin verða undir stjórn til samþykktar áður en endanleg dagskrá verður send út.

Fyrsta fundarboð var sent út þann 11. september síðastliðinn en stefnt er að senda út megindrætti dagsrár þingsins þann 25. október. Öll þingskjöl verða svo send á golfklúbbana eigi síðar en tveimur vikum fyrir Golfþing, sem haldið verður í húsakynnum Laugardalshallar í Reykjavík dagana 22.-23. nóvember næstkomandi.

7. Önnur mál.

- Leikkort GSÍ. Ræddar voru hugsanlegar tillögur í takt við þá umræðu sem skapast hefur undanfarna mánuði sem bera á undir golfþing 2019. Viðræður um þetta munu halda áfram á næstunni.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 21:05